


## Vöktun eiturbörunga 2013

Hafsteinn G. Guðfinnsson, Kristín J. Valsdóttir, Kristinn Guðmundsson,  
Agnes Eydal og Karl Gunnarsson  
Hafrannsóknastofnun

Vöktun á eiturbörungum á hefðbundnum svæðum árið 2013 var heldur umfangsminni en undanfarin ár. Í Eyjafirði lagðist skelfiskræktun af fyrri hluta ársins og bárust einungis 3 sýni úr firðinum, það síðasta 10. apríl. Í Hvalfirði var vöktun meirihluta ársins eða frá lokum febrúar og fram til loka nóvember, sýnataka þar var heldur meiri en 2012 (18 sýni 2013 en 11 sýni 2012). Í Mjóafirði eystri dróst sýnataka verulega saman, 15 sýni voru tekin 2012 en einungis 5 sýni 2013, eitt í janúar og fjögur yfir hágróðurtímamann 18. júní til 17. júlí. Í Breiðafirði dróst sýnataka einnig saman úr 30 sýnum árið 2012 í 18 sýni 2013, sýnum var safnað frá lokum janúar til loka október. Í Stakksfirði var hins vegar sýnataka allt árið 2013, tekin voru 20 sýni frá janúar og fram í desember. Aðrir sýnatökustaðir árið 2013 voru Steingrímsfjörður, en þaðan bárust 3 sýni og Þistilfjörður, þaðan sem 5 sýni bárust (1. mynd).








1. mynd. Sýnatökustaðir vegna vöktunar eiturbörunga árið 2013; 1: Stakksfjörður, 2: Hvalfjörður, 3: Breiðafjörður, 4: Steingrímsfjörður, 5: Eyjafjörður, 6: Þistilfjörður, 7: Mjóafjörður eystri.

Frekar lítið var um lokanir á árinu vegna hættu á skelfiskeitrun (Tafla 1). Oftast var varað við neyslu í Hvalfirði eða 5 sinnum, 1 sinni í Breiðafirði, 2 sinnum í Mjóafirði eystri og aðeins 1 sinni í Stakksfirði. Annars staðar var ekki varað við neyslu skelfisks árið 2013. Oftast var varað við hættu á DSP-eitrun í skelfiski vegna fjölda *Dinophysis* tegunda í svifinu, eða 7 sinnum. Vegna hættu á PSP-eitrun af völdum *Alexandrium* tegunda var varað við neyslu skelfisks 3 sinnum og aldrei vegna hættu á ASP-eitrun af völdu *Pseudo-nitzschia* tegunda.

Tafla 1. Lokanir vegna hættu á skelfiskeitrun árið 2013.

2013	3.-9./6	10.-16./6	17.-23./6	24.-30./6	1.-7./7	8.-14./7	15.-21./7	22.-28./7	29./7-4./8	5.-11./8	12.-18./8	19.-25./8	26./8-1./9	2.-8./9	9.-15./9	16.-22./9	23.-29./9	30./9-6./10	7.-13./10	14.-20./10	21.-27./10	28./10-3./11	4.-10./11	11.-17./11	18.-24./11	25.-30./11	des., 2013
Hvalfjörður			D			D						D									D	D					
Breiðafjörður	P																										
Mjóifjörður					P		PD																				
Stakksfjörður		D																									

-  Sýni ekki til staðar
-  Ekki talin hætta á skelfiskeitrun á svæðinu
-  D Varað við hættu á DSP-eitrun í skelfiski (Diarrhetic Shellfish Poisoning)
-  P Varað við hættu á PSP-eitrun í skelfiski (Paralytic Shellfish Poisoning)
-  A Varað við hættu á ASP-eitrun í skelfiski (Amnesic Shellfish Poisoning)

Vöktun á eiturbörungum í tengslum við týnslu, veiðar og ræktun skelfisks er samstarfsverkefni Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunar, skelfiskveiðimanna og kræklingsræktenda. Umsjón og ábyrgð með verkefninu hefur Matvælastofnun, en Hafrannsóknastofnun hefur umsjón með sýnatökubúnaði, móttöku sýna, tegundagreiningu svifbörunga og talningu á eiturbörungum ásamt því að halda úti heimasíðu vöktunarinnar á [www.hafro.is/voktun](http://www.hafro.is/voktun), þar sem hagsmunaaðilar og almenningur getur fylgst með ástandi þeirra svæða sem vöktuð eru hverju sinni.

Matvælastofnun hefur umsjón með eiturmælingum í skelfiski, en til þess að markaðsetja skelfisk verður hann að bera auðkennismerki Matvælastofnunar, sem er staðfesting á því að framleiðslan sé undir eftirliti stofnunarinnar, að eiturbörungar séu vaktaðir og að mælingar á þörungaeitri hafi verið gerðar.